

Uppeldi til ábyrgðar í Víkurskóla Lokaskýrsla 2025-2026



Uppeldi til ábyrgðar

Fjóla Karlsdóttir
Ingimundur Guðmundsson
Viktoría Júlía Hauksdóttir
Yrsa Rós Brynjudóttir

A. Tilgangur skýrslunnar

Markmið skýrslunnar er að gefa ítarlega grein fyrir frammistöðu teymisins okkar fyrir skólaárið 2025-2026, þar sem gerð er grein fyrir árangri okkar eða skort þar á, framkvæmdum og markmiðum fyrir komandi skólaár.

B. Hvað er Uppeldi til ábyrgðar?

Hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar byggist á því að einstaklingurinn geti tekið sjálfstæðar, siðferðilegar ákvarðanir varðandi eigin hegðun þegar hann er laus undan skömmum, hótunum, sektarkennd eða væntingum og loforðum um umbun og að hann fái tækifæri til að meta lífsgildi sín. Markmiðið er að styrkja einstaklinginn í að vera sá sem hann vill vera með hliðsjón af eigin sannfæringu frekar en að stjórna út frá geðþóttá annarra.

C. Mikilvægi Uppeldis til ábyrgðar í menntun

Stefna Uppeldi til ábyrgðar hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Uppeldi til ábyrgðar stuðlar að jákvæðum samskiptum, hvetur til sjálfstæðrar hugsunar og þroskar jákvætt gildismat. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum. Uppeldi til ábyrgðar hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjarstjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Þetta er aðferð í samskiptum og aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum. Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.

D. Markmið okkar fyrir skólaárið 2025-2026

Markmið okkar fyrir veturinn voru að koma á samfellu í kennslu á UTÁ á milli árganga, fræða kennara Víkurskóla um UTÁ og koma á sameiginlegri sýn. Sérstök áhersla var lögð á að koma á reglulegum bekkjarfundum í öllum umsjónarhópum.

E. Mat á vetrinum

Teymisfundir voru haldnir eftir þörfum en alltaf í aðdraganda kynninga á kennarafundum. Fjóla, teymisstjóri, var með tvær kynningar í vetur þar sem skerpt var á hvað Uppeldi til ábyrgðar er og mikilvægi þess í menntun og ákveða næstu skref. Aðaláhersla vetrarins var að koma á bekkjarfundum í öllum umsjónarhópum. Okkar mat eftir veturinn er að ekki hafi tekist vel að koma á sameiginlegri stefnu innan starfsmannahópsins hvað varðar hvernig Uppeldi til ábyrgðar er fylgt. Það er einstaklingsmunur á því hvernig starfsfólk tileinkar sér stefnuna og/eða útfærir hana. Ef skólinn á að vera Uppeldi til ábyrgðar skóli verða allir að ganga í takt. Það vill oft verða að fólk gleymi hreinlega hvað UTÁ er og að við séum UTÁ skóli.

F. Næstu skref

- Kynna vel Uppeldi til ábyrgðar fyrir nýju starfsfólki.
- Áframhaldandi vinna með samfellu fyrir árgangana í Uppeldi til ábyrgðar
- Sameiginlegt átak þegar þurfa þykir (t.d. í upphafi skólaárs með bekkjarsáttmála)
- Að koma á að bekkjarfundir séu haldnir a.m.k. einu sinni í mánuði.
- Að útrýma EKKI (segja þeim frekar hvað þau eiga að gera) og ÞÚ skilaboðum (þ.e. við horfum á hegðunina en ekki einstaklinginn).
- Að nemendur taki ábyrgð á eigin hegðun.
- Gera vinnu með Uppeldi til ábyrgðar markvissari í öllum bekkjum.
- Mikilvægt að allir gangi í sömu átt.
- Leggjum til að verkefnið Draumaskólinn verði fast verkefni. Styður vel við vinnu á bekkjarsáttmála.
- Að allir séu með þarfahringinn sýnilegan í stofunni hjá sér.

Takk fyrir samstarfið og gleðilegt sumar 😊

Tenglar á glærupakka frá kennarafundum:

15. september 2025 - upprifjun á Uppeldi til ábyrgðar (FK)

📅 uppeldi til ábyrgðar-15 sept 2025

19. janúar 2026 - næstu skref

📅 UTÁ- 19. jan.